

Ed.

303. Frumvarp.

til laga um íslenskan fána.

Flutningsm.: Karl Einarsson og Magnús Torfason.

1. gr.

Ísland skal hafa sjerstakan fána.

2. gr.

Gerð fánans skal vera sú, er ákveðin er í konungsráskurði 22. nóv. 1913 um gerð íslenska fánans.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í íslenskum lögum, er heimila íslenskum skipum að nota annan fána.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Saga þessa máls á þingi sýnir að öllum kemur saman um að mál þetta heyri undir íslenskt valdsvið. Að það hefir ekki enn náð fram að ganga, er ódjörfung og flokkadráttum Íslendinga sjálfra að kenna.

Nú virðist tími til kominn að fylgja því fram án nokkurs ágreinings, og er þá víst um framgang þess.

Oss er það mjög áriðandi einmitt nú, að aðrar þjóðir sjái að við höfum alt vald yfir verslunarmálum vorum og siglingum, og má þar enginn misskilningur komast að; en það er mjög hætt við því, að seint sækist að sanna öðrum þjóðum þetta, meðan skip vor sigla undir fána annarar þjóðar, og má vel fara svo, að það verði alls ekki hægt. En það er vart verjandi að láta nokkurs ófreistað í þessu efni.

Lega vor á hnettinum er nú eitt sinn þannig, að ekki er fyrirsjáanlegt, að til þess geti komið, að nauðsynleg viðskifti vor við aðrar þjóðir verði teptar,

ef það er viðurkent, að vjer sjeum sjálfstæð og alfrjáls þjóð, þó ekki væri nema um verslun og siglingar; en að öðrum kosti mun mörgum virðast svo sem það sje ekki fulltrygt.

Að öðru leyti er itarleg greinargerð fyrir frumvarpi þessu alveg óþörf, því nauðsynin á framgangi þessa máls hlýtur að vera svo ljós öllum þingmönnum að minsta kosti, að þeir þurfa ekki frekari skýringa við.